



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

99. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í skólanum fimmtudaginn 6. júní kl. 17.00.

Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, formaður nefndarinnar, settur skólameistari Hjálmar Árnason, Ingi Gunnarsson, Ómar Bjarnþórsson. Ingimundur Guðnason og Bogi G. Hallgrímsson.

1.

Formaður setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Tók síðan fyrir fyrsta mál á dagskrá sem var um skiptareglur ríkis og sveitafélaga í fjármálum vegna framhaldsskóla. Hann greindi frá því að eftir síðasta fund skólanefndar hefði sér borist bréf frá skólameistara Fjölbrautaskóla Sauðárkróks, Jóni Hjartarsyni. Þar hefði hann greint frá því að hann hefði ákveðið að standa fyrir ráðstefnu um þessi mál þann 26. maí n.k. Þar sem tími var naumur og óhægt um vik að koma á skólanefndarfundi kom formanni að settum skólameistara saman um að fara þess á leit við fyrrverandi skólameistara, Jón Böðvarsson, um að mæta þar sem fulltrúi Fjölbrautaskóla Suðurnesja og varð hann við þeirri beiðni.

Á ráðstefnunni var fjallað ítarlega um þessi mál og fylgja fundargjörð þessari sameiginlegar tillögur umræðuhópsins.

Skólanefnd lýsir yfir ánægju sinni með tillögurnar og er sammála um að leggja til við sveitastjórnirnar að þær taki málið til umræðu og gefi skólanefnd umboð til að vinna áfram að framgangi málsins í samræmi við tillögur nefndarinnar.

Á ráðstefnunni á Sauðárkróki var ákveðið að halda framhaldsráðstefnu í Garðabæ dagana 24. og 25. júní n.k. Skólanefnd felur þeim Gunnari Sveinssyni og Jóni Böðvarssyni að sitja ráðstefnuna fyrir hönd Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

2.

Á fundi skólanefndar í mars var rætt um að æskilegt væri að til væri sjóður til endurmenntunar kennara. Fyrir fundinum

lá uppkast að reglugerð fyrir slíka sjóðsöfnun, samanber fylgiskjal. Reglugerðin er í megindráttum svipuð reglugerð grunn- og skólanna í Keflavík og Njarðvík. Samþykkt var að stofna sjóðinn og reglugerðin samþykkt eftir nokkra umræðu.

3. Önnur mál:

a) Vegna bókunar Bæjarstjórnar Keflavíkur þann 21. maí sl. vill skólanefnd taka skýrt fram að á engan hátt býr að baki bókunar nefndarinnar þann 6. maí sl. virðingarleysi í garð Bæjarstjórnar Keflavíkur. Nefndin er sammála bókun Bæjarstjórnar um að byggingamál skólans þurfi meiri umfjöllun hjá sveitastjórnnum, enda málið aðeins á byrjunarstigi.

b) Settur skólameistari, Hjálmar Árnason gat þess að lokið væri fyrsta námskeiði fyrir leiðsögumenn. Sjö voru brautskráðir með svæðisbundin réttindi sem leiðsögumenn ferðafólks. Hann afhenti skólanefndarmönnum möppu með öllum erindum námskeiðisins.

c) Þá minnti skólameistari á skólaslit Fjölbrautaskólans þann 9. júní n.k. kl. 14 í Útskálakirkju í Garði.

Bogi G. Hallgrímsson

Bogi G. Hallgrímsson,
fundarritari.

Fjárveitingar skiptist í eftirtalda þætti:

1. Laun greidd úr ríkissjóði
2. Önnur laun
3. Önnur rekstrargjöld
4. Viðhaldskostnaður
5. Stofnkostnaður

Greiðslur úr ríkissjóði samkv. tl. 2-4 skulu lagðar mánaðarlega inn á reikning hvers skóla/sveitarfélags samkvæmt greiðsluáætlun sem ráðuneyti gera í samráði við skólameistara eða reikningshaldara hvers skóla í janúarmánuði ár hvert að teknu tilliti til eðlilegrar kostnaðardreifingar.

Fjárlagaliðirnir skulu algerlega aðgreindir og ráðuneytum óheimilt að fresta greiðslum skv. tl. 2-4 þótt launakostnaður skv. tl. 1 fari fram úr áætlun, en fjármála- og áætlanadeild menntamálaráðuneytisins er heimilt að krefja skóla um áætlun um kennslumagn áður en lokaákvæðanir þar að lútandi eru teknar.

Stofnfjáarkostnað og meiriháttar viðhaldskostnað greiðir ríkissjóður samkvæmt samkomulagi þar að lútandi og skal menntamálaráðuneytið hafa eftirlit með því að stofnfé sé ráðstafað í samræmi við gildandi samninga þar um.

Nauðsynlegt er að auka fjármálalega ábyrgð forsvarsmanna skóla. (Meiri dreifing á valdi). Í því sambandi er brýnt að skólayfirvöld hafi ráðstöfunarrétt á ónýttum rekstrarfjárveitingum í árslok.

Áriðandi er að breytingar ráðuneyta á fjárlagatillögum skóla berist nægilega snemma til þess að unnt sé að gera rökstuddar athugasemdir við þær áður en fjárlagafrumvarp er lagt fram.

Þóskur Þórarmannsson belfossi
Fin Jónsson
Þóskur Þórarmannsson
Hafnarfjörður
Fin F. Hjartarson, Sanfærðingur
Andri V. Jóhannsson Siglufjörður
Leguálfur
Andri V. Jóhannsson
Reykjavík
Fin Jónsson
Reykjavík
Fin Jónsson
Reykjavík